

Nd.

291. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. Síðasti málsli. 5. málsg. orðist þannig: Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:
 - b. Á eftir orðunum „nemur varasjóði“ í síðustu málsgr. komi: í lok skattársins.
2. Við 4. gr.
 - a. Í stað „einhleypum gjaldendum“ í 5. málsg. a-liðs (55. gr.) komi: gjaldendum með sama frádrátt eftir 12. gr.
 - b. Upphaf b.-liðs (56. gr.) orðist þannig:

Nú hefur félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð o. s. frv.
 - c. c.-liður (57. gr.) orðist svo:

Við ákvörðun skattskyldra tekna, sem skattur greiðist af árið 1941, skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá tekjum sínum aðeins $\frac{2}{5}$ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá tekjunum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940. Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.
 - d. 1. Upphaf 2. málsg. d.-liðs (58. gr.) orðist svo:

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en $\frac{1}{3}$ hluti hjá þeim fyrirtækjum, er njóta tapsfrádráttar samkv. 64. gr., og $\frac{3}{5}$ hlutar hjá öðrum útgerðarfyrirtækjum vera innstæða á biðreikningi o. s. frv.
 2. Í stað „ $\frac{1}{3}$ hluti sjóðsins“ síðar í sömu málsgrein komi: að ofan greinir.
 - e. 1. málsg. j.-liðs (64. gr.) orðist þannig: Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.
3. Við 5. gr.

Síðari málsliður orðist svo: Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.